

Islands (Eyjar) var samið árið 2020. Aaron Picht sem stjórnar strengjasveit sem nefnist *Temple University Music Preparatory Youth Chamber Orchestra* í Philadelþiu í Bandaríkjunum bað mig að semja verkið og er það tileinkað honum og sveitinni. Þau frumfluttu verkið 7. maí, 2022 í *Temple Performing Arts Center* í Philadelphiu.

Verkið er í fjórum þáttum (1. *Espressivo*, 2. *Energico*, 3. *Malinconico ma con eleganza*, 4. *Appassionato*) og er efniviðurinn margs konar en m.a. liggja til grundvallar stemmur sem kveðnar voru í Flatey og í Svefneyjum á Breiðafirði. Stemmurnar voru hljóðritaðar á sjöunda áratug 20. aldar og eru varðveittar í Árnastofnun og aðgengilegar á ismus.is. Heimildarmenn voru: Guðrún Jónína Eyjólfsdóttir (1887-1989) og Kristín Pétursdóttir (1887-1976).

Tónskáldasjóður RÚV og STEFs veitti styrk til verksins.

Islands (Eyjar) was composed in 2020. Aaron Picht, who conducts a string orchestra called the *Temple University Music Preparatory Youth Chamber Orchestra* in Philadelphia, USA, asked me to compose the piece, which is dedicated to him and the ensemble. They premiered the work on May 7, 2022, at the Temple Performing Arts Center in Philadelphia.

The piece consists of four movements (1. *Espressivo*, 2. *Energico*, 3. *Malinconico ma con eleganza*, 4. *Appassionato*), and its material is diverse. Among the sources are traditional vocal tunes (*stemmaur*) that were sung on Flatey and Svefneyjar, two small islands in Breiðafjörður. These tunes were recorded in the 1960s and are preserved at the Árni Magnússon Institute, accessible via ismus.is.

The sources for these recordings were Guðrún Jónína Eyjólfsdóttir (1887–1989) and Kristín Pétursdóttir (1887–1976).

The composition was supported by the RÚV and STEF Composers' Fund.